

KJARVAL

31% afsláttur
Gourmet grisakóti-lettur léttréyktaf 1.190 kr. stk.

PÚ SPARAR 300 kr. stk.
Móa grillaður kjúklingur kaldur 499 kr. stk.

398 kr. kg.
Goða folaldakjöt reykt m/beini 41% afsláttur

189 kr. pk.
Goða folaldahakk frosið 500 gr.

398 kr. kg.
Goða folaldakjöt saltað m/beini 41% afsláttur

30% afsláttur
Goða áleggstvenna Malakofi/skinka 778 kr. kg.

PÚ SPARAR 100 kr. stk.
Oetker pizza m/ pepperoni 98 kr. stk.

PÚ SPARAR 300 kr. pk.
Móa kjúklingapíta 599 kr. pk.

499 kr. pk.
Kelloggs Special K morgunkorn 750 gr.

129 kr. stk.
Sprite Zero 2 ltr.

299 kr. pk.
Kelloggs Special K bars 6 í pakka

119 kr. kg.
Vatnsmelóna rauð

329 kr. kg.
Kúrbítur/zukkini

25% afsláttur
Ariel þvottaefni 2,85 kg 1.199 kr. pk.


6 FYRIR 4
AB mjólk 0,5 ltr.

25% afsláttur
Grand Italia vörur

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum



Andlátsfrétt.

Hjartkver eiginkona mín

Edith Dam Ragnarsson

andadist á Landspítalanum mánudaginn 22. janúar sl.

Útförin fer fram frá Víkurkirkju fimmtudaginn 1. febrúar nk. kl. 14:00.

Fyrir hönd barna, barnabarna og langömmubarna

Reynir Ragnarsson

Vík í Mýrdal.

SMÁAUGLYSINGAR

Óskasteinar

Fann ég á fjalli fallega steina faldi þá alla vildi þeim leynd, haldi þar í hellisskúta heilla steina alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina lengur ei man ég óskina neina er þeir skyldu uppfylla um ævídaga ekki frá því skýrir þessi lítil saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur geti þær fundið telpa eða drengur silfurskæra kristalla með grænu og gráu gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Höf. Hildigunnur Halldórsdóttir



Rauði kross Íslands
Klaustursdeild.

Aðalfundur

Klaustursdeildar Rauða kross Íslands verður haldinn á hótél Kirkjubæjarklaustri sunnudaginn 11. febrúar kl. 14:00

Dagskrá fundarins verður auglýst nánar í næsta tölublaði Vitans.

Klaustursdeild Rauða kross Íslands.

mfm miðstöðin Ármúla 15 108
Sími 568 3868/896-3868 fax: 517-2124
matarfíkn@matarfíkn.is www.matarfíkn.is

Getur matarfíkn verið málið?

Í fráhald á Hótel Laka
Helgina 2.-4. febrúar 2007

Dagskrá námskeiðsins:

Föstudagur 2. febrúar:

- Kl. 17.00 Mæting og skráning. Komið sér fyrir í sveitakyrrðinni á frábæru nýju hóteli með stórkostlegu útsýni til jökla.
- Kl. 18.30-20.00 Kvöldmatur.
- Kl. 20.00-21.30 Fyrirlestur: Matarfíkn; orsakir og afleiðingar, umræður og farið yfir dagskrá helgarinnar.

Laugardagur 3. febrúar:

- Kl. 08.00-09.00: Morgunmatur í fráhaldi:
Morgunpönnur Estherar og leiðbeiningar um góðan morgunverð.
- Kl. 09.30-11.00: Hvað er fráhald:
Farið yfir mataræðisbreytingar og reglur fráhaldsins.
- Kl. 11.00-13.00: Matreiðslunámskeið í eldhúsinu:
Hvernig eldum við með breyttum áherslum.
Og að sjálfsgöðu er maturinn borðaður!!
- Kl. 14.00-17.00: Fræðsla, hópvinna og verkefnavinna: Hvað þarf til, til að halda fráhald.
- Kl. 18.30: Dýrindis kvöldmatur í fráhaldi.

Sunnudagur 4. febrúar:

- Kl. 08.30-10.00: Morgunmatur í fráhaldi:
- Kl. 10.00-12.00: Fræðsla, hópvinna og verkefnavinna:
Hvernig við höldum við fráhaldinu til frambúðar.
- Kl. 12.00-14.00: Eldhúsið, meiri matreiðsla, matur og lok námskeiðsins.



Til launagreiðanda....

Verkalýðsfélag Suðurlands minnir launagreiðendur á, að samkvæmt kjarasamningi **Samtaka atvinnulífsins** og **Starfsgreinasambands Íslands**, sem Vlf.S er aðili að, eru gjöld í starfsmenntasjóð 0,15% af heildarlaunum starfsmanna frá 1.janúar 2007. Alls verða því heildargjöld 2,4%.

Frá sama tíma hækkar framlag **Sveitarfélaga** í starfsmenntasjóð úr 0,40% í 0,72%

UNDANKEPPNI SÖNGKEPPNI

SAMFÉS 2007

SUÐURLANDSKEPPNI HALDIN Í VÍK Í
MÝRDAL 3. -4. FEBRÚAR.




Félagsmiðstöðin OZ heldur næstu helgi Undankeppni Söngkeppni Samfés. Við fáum 15 félagsmiðstöðvar í heimsókn, áætlaður fjöldi verður um 450 manns. Undirbúningur stendur yfir og er gert ráð fyrir að hafa fjölbreytta og skemmtilega afþreyingu alla helgina. Arnar Snær Ágústsson og Anna Björk Sigurðardóttir taka þátt fyrir hönd OZ.

Yngri hópur OZ (5-7.bekkur) er auðvitað velkomin á söngkeppnina í fylgd með full-orðnum, en verða svo að fara þegar að ballið byrjar um kl. 23:00. Söngkeppnin byrjar kl. 20:30 á laugardagskvöldinu í íþróttamiðstöðinni. Hjólsmveitin Epoxy spilar á ballinu <http://www.blog.central.is/epoxy>

Hægt er að sjá nánari upplýsingar um dagskrá, afþreyingu ofl. á heimasíðu Mýrdalshrepps <http://www.vik.is/>. Íþótta- og þreksalurinn verða lokaðir alla helgina og búast má við miklum fjölda gesta í sundlauginni þessa helgi.

Sjálfboðaliðar óskast! Áhugasamir hafi samband við mig sem fyrst.

Victor Berg Guðmundsson - Æskulýðs- og tómsfundafulltrúi.
S. 821-3181

 **Rauði kross Íslands**

Víkurdeild



SYSTRAKAFFI

PIZZAKVÖLD

Eins og mörgum er kunnugt hafa nýir aðilar fest kaup á Systrakaffi og munu þeir taka við rekstrinum fljótlega.

Um leið og við þökkum íbúum Skaftárhrepps og öðrum viðskiptavinum okkar kærlega fyrir frábærar móttökur og ánægjuleg viðskipti undanfarin ár ætlar Magga að hafa opið í síðasta skipti miðviku-daginn **31.janúar frá kl. 17.**

Verið velkomin
Systrakaffi
487-4848



Aðalfundur.

Aðalfundur Kvenfélags
Hvammshrepps verður haldinn
Þriðjudaginn 6. feb. n.k. í
Leikskálum kl. 20.30

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar velkomnir.
Stjórnin

Vantar þig vinnu! Hörgsland.is

Starfsfólk vantar til ferðaþjón-
ustunnar á Hörgslandi til ýmissa
starfa.

S.s. í þrif - veitingar - snyrtingu á
svæði og byggingarvinnu

Uppl í síma 487-6655
eða sendu tölvupóst
á postur@horgsland.is

Stuðningur í tvær vikur eftir námskeiðið:

Stuðningshópur einu sinni í viku, tvær klst. í senn. eða tveir einstaklingstímar. (geta verið í síma)

Einnig er daglegur stuðningur í gegn um tölvu og/ eða síma við ráðgjafa.

Allur matur sem framreiddur verður um helgina, mun vera án þeirra efna sem geta kveikt fíkn hjá þeim sem eiga við matarfíkn að stríða.

Kostnaður: Gisting, matur, kaffi og te, námskeið, námskeiðsgögn og stuðningur í tvær vikur.

Miðað við einn í tveggja manna herbergi: **Kr. 38.900.-**

Miðað við einn í herbergi: **Kr. 45.900.-**

Mögulegt er t.d. fyrir maka að dvelja á hótelinu án þess að taka þátt í námskeiðinu.

Mælt er með að þátttakendur fylgi námskeiðinu eftir með áframhaldandi stuðningi í stuðningshóp eða einstaklings-tímum hjá mfm miðstöðinni og/ eða með 12 spora starfi.

Fráhald krefst þess að unnið sé með líkamlega, huglæga og andlega þáttinn jöfnum höndum.

Ef aðeins er unnið með mataræðið er það aðeins enn einn matarkúrinn sem virkar ekki, fyrir þá sem greinast með matarfíkn.

Hlökkum til að sjá þig!





Rauði kross Íslands
Víkurdeild

Námskeið fyrir heimsóknavini verður haldið á
Ströndinni í Víkurskála miðvikudaginn
14. febrúar 2007 kl. 18.00-21.00

Öllum sem hafa áhuga er boðið að vera með

Nánari upplýsingar um námskeiðið fást hjá Elsu
í síma 487 1482 eða 848 3826

Þar er einnig tekið á mótí
tilkynningum um þátttöku

Víkurdeild Rauða krossins

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Kirkjuskólinn í Mýrdal tilkynnir að þrátt fyrir að Samfés verði haldið hér í Vík um næstu helgi verður engin breyting á samveru Kirkjuskólans
Munið því eftir samverunni á laugardaginn 3. febrúar 2007, kl. 11:15 í grunnskólanum í Vík (Víkurskóla).

Söngur, sögur, brúðuleikhús og litastund.
Krakkar!

Verið nú dugleg að mæta og bjóðið fullorðna fólkinu með í kirkjuskólann, þau hafa örugglega gaman af því.

Sóknarprestur

Þjóðlendumál.



Þórir N. Kjartansson

Þjóðlendunefndin, svonefnda, sem sett var á laggirnar til þess að vinna verstu skítverkin í þeirri viðleitni að sölsa eignir bænda undir ríkið kann bráðum að heyrna sögunni til ef tillögur Árna Mathiesen núverandi fjármálaráðherra ná fram að ganga. Allavega miða þær að því að draga vígtennurnar úr því ofstækisliði sem Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra skipaði í nefndina á sínum tíma og virðist hafa stutt með ráðum og dáð. Um það hef ég sláandi dæmi, sem ég ætla þó ekki að upplýsa hér. Þetta er gott framtak hjá Árna og fyrsti vísir að því að stjórnmalámennum finnst nóg komið af óréttlætinu og finnst mér þetta lýsa því að hann hafi meiri réttlætiskennnd en aðrir kollegar hans, þó að ég viti að landbúnaðarráðherra hafi nokkuð lengi verið mjög efins um framgang þessara mála.

Þetta er skref í áttina en mikið meira þarf til að koma, svo að undirritaður og ótal margir fleiri sem staðið hafa í sömu sporum geti hugsað sér að kjósa ríkisstjórnarflokkana í kosningunum á komandi vori.

Í mínum huga er útilokað að styðja stjórnmalaflokk eða flokka sem haga sér engu betur en ríkisstjórnirnar í gömlu kommúnistaríkjunum gerðu á sínum tíma.

Lagabreyting þar sem tekin eru af öll tvímæli um að aldrei verði af hálfu ríkisins

gerðar kröfur í land innan þinglýstra landamerkjara jarða og skila aftur því sem þegar hefur verið oftekið, verður að nást fram.

Þessum ofsóknum og ofbeldi verður að linna og um það hljóta þingmenn dreifbýlisins að geta sameinast, hvar í flokki sem þeir standa.

Þórir N. Kjartansson
Vík í Mýrdal

Þessi pistill Þóris Kjartanssonar, birtist í Glugganum 25. janúar og er hér birtur með leyfi höfundar.

En eins og máltækið segir: “Aldrei verður góð vísa of oft kveðin”, eða “Svo lengi má brýna deigt járn að bití”.

Þórir hefur til þessa verið eini landeigandinn hér um slóðir, sem hefur á einarðan og markvissan hátt staðið í andófi gegn þessum afskræmda lagaskrípi, sem þjóðlendulögin eru. Eða þá einkum harkan og óbilgirnin við framkvæmd þeirra. Virðist sem þessi gjörningur hafi verið hnoðaður saman með það í huga að lögfræðingar og Hæstiréttur fengju nóg að gera. Enda reglugerðin svo galopin í alla enda og kanta að hægur vandi er að þæfa málin nánast endalaust.

En hvernig má það vera, að Löggjafasamkundan skyldi samþykkja þennan gjörning umræðulítið og síðan virðist sem þingmenn hafi sem minnst viljað vita af málinu.

Já, eins og komið hefur fram hjá Þóri, hefur frekjan og óbilgirnin af ríkisins hálfu verið slík að þótt legið hafi fyrir vottaðar þinglýsingar, þá er allt véfengt ef til vill í og með til þess að jarðeigendur fengju að blæða nóg í lögfræðikostnað og svo slunginn var þessi sanningsgjörningur að í honum voru ákvæði um að það væri landeigandans að sanna eignarrétt sinn en ekki ríkisins að afsanna.

Væi nú ekki við hæfi að krefja þingmenn (þingmannsefni) svara þegar þeir koma gleiðbrosandi í sveitir landsins í vor að leita sér atkvæða.
E.